

Vestfjörðum 5. des 2025

Til þingmanna og sveitastjórnarfólks á Vestfjörðum

Vegna: Nýrrar reglugerðar um ráðstöfun afla – byggðakvóta

Inngangur

Í upphafi árs lýstu starfsmenn Vestfjarðastofu miklum áhyggjum af ákvæði í ríkisstjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar um 48. daga í strandveiði.

Spurningarnar sem vöknúðu strax í janúar voru eftirfarandi:


1. Hvaðan eiga þessi tonn að koma?
2. Verður sama skipting milli landssvæða?
3. Hver verður fjöldi báta á strandveiðum?
4. Hvaða áhrif hefur það ef byggðakvótinn verður tekinn af?
5. Er hægt að rifta aflamarki Byggðastofnunar, sem er samningur um sértækan byggðakvóta og var gerður við fjölda fyrirtækja til 6. ára?
6. Hvernig lítur þetta út fyrir fyrirtækin á Vestfjörðum.

Föstudaginn 28. nóv 2025 var svo lögð fram reglugerð um ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla samkvæmt 5. Mgr. 8. Gr. Laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Hér á eftir verður leitast við að svara spurningum sem vöknúðu í vor og meta hver áhrifin verða fyrir vestfirskan sjávarútveg. Áður en það verður gert er rétt að nefna að ekkert bendir til að breytingar verði á skiptingu milli landssvæða, engar reglur um fjölda báta í strandveiði hafa verið kynntar né heldur það magn sem verður úthlutað í strandveiðar en hinum spurningunum verður reynt að svara.

Staðan

Hlutverk sértæka byggðakvótans hefur verið að efla starfandi fyrirtæki á svæðum þar sem staða atvinnulífs hefur verið erfið og einhæf. Með sértækum byggðakvóta er lögð áhersla á byggðafestu og að skapa heilsársstörf. Á myndinn hér fyrir neðan má sjá úthlutun sértæka byggðakvótans frá Byggðastofnun 2023/2024.



Á Vestfjörðum er staðan þannig að litlar- og meðalstórar vinnslur hafa reitt sig á byggðaaðgerðir til hráefnisöflunar í svokölluðu 5,3% kerfi um byggðakvóta. Hráefnismagnið hefur verið allt frá fjórðungi til þriðjungs hráefnis til vinnslu úr þessum potti.

Þeir staðir sem hafa fengið úthlutaðan sértækan byggðakvóta eiga það allir sameiginlegt að grunnstoð atvinnulífsins hefur verið sjávarútvegur sem hefur dregist mikið saman. Ríkur vilji hefur verið til að rekstur fiskvinnsla leggist ekki niður sem hafa verið örlög fjölda fyrirtækja í sjávarþorpum landsins síðustu áratugi, oft með alvarlegum afleiðingum fyrir samfélögin.

Einnig má nefna að greiðslur úr Atvinnutryggingasjóði vegna hráefnisskorts voru lagðar af í september 2024. Áhrif þess hafa orðið mest á smærri fiskvinnslur sem treysta á afla smærri báta sem eru háðari veðrum til sjósóknar og ekkert hráefni barst að landi í brælum. Allur kostnaður við hráefnisskort fellur því á fyrirækin til að rjúfa ekki ráðningarsamband við sitt starfsfólk í hráefnisskort.

Snúum okkur þá að breytingunum sem nú eru lagðar fram og munu hafa mikil áhrif á vinnslur á Vestfjörðum og Austfjörðum. Það er spurning hvort að litlar- og meðalstórar vinnslur geti haldið úti starfsemi allt árið og boðið upp á heilsársstörf ef skerðingar verða miklar og útgjöld aukin en staðan er mjög misjöfn milli fyrirtækja hvað varðar hvernig hráefnisöflun hefur verið.

Úthlutanir 2024/2025

Í eftirfarandi töflu eru úthlutanir fiskveiðiárið 2024/2025.

Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025						
5. gr Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla						
Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Frístundaveiðar	Strandveiðar	Línuívilnun
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	1.082	2.500	3.419	200	10.000	800
2. Ýsa	386	1.500	1.220	0	0	800
3. Ufsi	341	1.050	1.078	0	1.000	0
4. Steinbítur	48	145	152	0	0	145
5. Gullkarfi	80	300	254	0	100	30
6. Keila	27	50	86	0	0	30
7. Langa	29	100	93	0	0	30
Samtals	1.993	5.645	6.302	200	11.100	1.835

Í eftirfarandi töflu er reiknaður mismunurinn milli fiskveiðaráranna 2023/2024 og 2024/2025.

Breytingar milli 2023/2024 og 2024/2025						
Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Frístundaveiðar	Strandveiðar	Línuívilnun
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	-14%	-24%	-12%	0%	0%	-27%
2. Ýsa	-14%	15%	-5%			14%
3. Ufsi	-15%	-19%	30%		0%	
4. Steinbítur	-4%	-3%	114%			-17%
5. Gullkarfi	-64%	0%	-38%		0%	100%
6. Keila	0%	0%	244%			100%
7. Langa	-19%	0%	31%			50%

Úthlutanir 2025/2026

Enn er óljóst hversu mikið verður úthlutað til strandveiða á fiskveiðárinu og því eru þær tölur teknar út úr útreikningunum í samantektunum fyrir bæði fiskveiðiárin.

Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026

5. gr Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla						
Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Frístunda-veiðar	Strand-veiðar	Línu-ívilnun
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	517	1.070	3.365	75		400
2. Ýsa	199	2.500	1.292	0		800
3. Ufsi	153	1.300	993	0		0
4. Steinbítur	24	200	157	0		145
5. Gullkarfi	93	500	605	0		30
6. Keila	18	100	114	0		30
7. Langa	13	100	85	0		30
Samtals	1.017	5.770	6.611	75		1.435

Í eftirfarandi töflu er reiknaður mismunurinn milli fiskveiðaráranna 2024/2025 og 2025/2026.

Breytingar milli 2024/2025 og 2025/2026						
Tegund	Skel- og rækjubætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Frístunda-veiðar	Strand-veiðar	Línu-ívilnun
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	-52%	-57%	-2%	-63%		-50%
2. Ýsa	-48%	67%	6%			0%
3. Ufsi	-55%	24%	-8%			
4. Steinbítur	-50%	38%	3%			2%
5. Gullkarfi	16%	67%	138%			0%
6. Keila	-33%	100%	33%			0%
7. Langa	-55%	0%	-9%			0%

Samkvæmt töflunni með samanburði á fiskveiðárinu 2024/2025 og 2025/2026 munu línuívilnun og skel og rækjubætur dragast saman um helming í þorski. Almenni byggðakvótinn (byggðakvóti

til fiskiskipa) er stóraukinn í öðrum tegundum en þorski en heimildir í þorski eru dregnar saman um 57% eða 1.430 tonn. Sérteki byggðakvótinn (byggðakvóti Byggðastofnuanr) dregst lítillega saman eða um 2%.

Samantekt á breytingum milli ára

Í töflunni hér fyrir neðan er samantekt á heildartölum í 5,3% kerfinu án strandveiða þar sem enn hefur ekki verið gefin út tonnafjöldi í strandveiðum á þessu fiskveiðári.

Fiskveiðiárið 2023/2024	Magn	Eining	Breytingar milli ára
Samtals úthluað án strandveiða	17.752	tonn	
Línuvinnun	2.025	tonn	
Skel og tækjubætur	2.443	tonn	
Samtals þorskur án strandveiða	9.746	tonn	
Fiskveiðiárið 2024/2025			
Samtals úthluað án strandveiða	15.975	tonn	-10%
Línuvinnun	1.835	tonn	-9%
Skel og tækjubætur	1.993	tonn	-18%
Samtals þorskur án strandveiða	8.001	tonn	-18%
Fiskveiðiárið 2025/2026			
Samtals úthluað án strandveiða	14.911	tonn	-7%
Línuvinnun	1.438	tonn	-22%
Skel og tækjubætur	1.017	tonn	-49%
Samtals þorskur án strandveiða	5.427	tonn	-32%

Samkvæmt þessu dragast þorskveiðar í þessum kerfum saman um 32% (strandveiðar eru ekki í útreikningnum) frá síðasta fiskveiðiári en þorskígildistonnin standa í stað. Samdrátturinn frá fiskveiðiarinu 2023-2024 til núverandi úthlutunar er hinsvegar 44% í þorskveiðum.

Almenni byggðakvótinn

Í nýrri reglugerð er þorskurinn skertur um 57% en sett fram með þeim hætti að almenni byggðakvótinn sé jafn mikill í þorskígildum. Þannig að við fengsælustu þorskmið landsins hefur almenna byggðakvótanum nú verið úthlutað í þorskígildum en ekki eingöngu í þorski.

Þær tegundir sem koma í staðin eru ýsa, ufsi, steinbítur, gullkarfi, keila og langa. Ufsi og gullkarfi eru tegundir sem veiðast lítið við Vestfirði og bátarnir sem um ræðir ekki búnir til að veiða þessar tegundir sem eiga að koma í staðin fyrir þorsk. Svo má bæta við að ufsi, steinbítur, keila og langa eru tegundir sem seljast á mun lægra verði en þorskur og krefst því meiri afla og þar af leiðandi vinnu til að ná sömu verðmætum. Því er langsótt hvernig rekstur útgerðarinnar geti staðið undir þessari skerðingu.

Í umræðunni hafa sjávarútvegsfyrirtækin bent á að sértæki byggðakvótinn frá Byggðastofnun sé betri aðgerð en almenni byggðakvótinn til að efla vinnslurnar. Því væri eðlilegt að niðurskurðurinn í almenna byggðakvótanum kæmi til aukningar í sértæka.

Sértæki byggðakvótinn

Sjávarútvegsfyrirtækin í dreifðum byggðum landsins hafa mælt fyrir sértæka byggðakvótanum sem skapar fyrirsjáanleika með 6. ára samningum við fiskvinnslurnar en skilyrði fyrir samningnum er að vinnslan fari fram á vinnusóknarsvæði. Það hefur verið samdráttur í ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar í þorski síðastliðin ár og því hefur magnið í sértæka byggðakvótanum dregist saman milli ára.

Það er jákvætt að fá fyrirsjáanleika og Byggðastofnun hefur gert samninga við fiskvinnslur um sértækan byggðakvóta til sex ára og þeim samningi er ekki hægt að rifta. Hinsvegar geta stjórnvöld minnkað pottinn sem fer í sértæka byggðakvótann og þannig minnkað það magn sem Byggðastofnun fær til útteilingar.

Sem dæmi má nefna að á Hólmavík var rækjuverksmiðjunni Hólmadrangi lokað 14. júní 2023 og tuttugu manns misstu vinnuna og því var farið í mótvægisáðgerðir til að skapa heilsársstörf. Ein þeirra aðgerða var að fá úthlutun á sértækum byggðakvóta 500 tonn til Hólmavíkur og óskað eftir umsækjendum. Það tókst og Fiskverkunin Vilji ehf var stofnuð í apríl 2024 sem aðgerð til byggðafestu og var staðfestur samningur í apríl 2024 um 500 tonna sértækan byggðakvóta. Strax 1. september 2024 var skorið niður í 460 tonn og nú hefur enn verið skorið niður. Fiskvinnslan Vilji nýtti sér einnig úthlutun á fiski vegna skel- og rækjubóta og línuívilnunar sem nú hafa verið skertar um helming.

Hvað varðar fiskvinnslurnar á Vestfjörðum hefur þessi aðgerð, sértækur byggðakvóti, verið að virka til að reka litlar- og meðalstórar fiskvinnslur í flestum þorpum og skapa heilsársstörf. Framsal er ekki mögulegt og eina leiðin til að nýta hann er vinnsla í landi og þarf að staðfesta árlega hversu mörg heilsársstörf hafa verið sköpuð. Vinnslurnar hafa skapað, störf, veltu, aukna þjónustu og almennt hefur hagnaðurinn verið nýttur til að byggja upp fyrirtækin.

Skel- og rækjubátar

Staðan hjá skel og rækjubátum er alvarleg þar sem veiðar voru bannaðar fyrir þremur árum síðan í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Miðað við veiðina á síðasta veiðiárinu hefði rækjubátur fengið 60% í rækjubætur en nú hafa þær verið helmingaðar svo aðeins fást 30% rækjubætur fást nú í þorski miðað við viðmiðunarárið.

Línuívilnun

Línuívilnunin hefur verið skert um helming í þorski á fiskveiðiárinu 2024/2025. Þó svo að vélbeitning hafi víða leyst handbeitningu af hólmi hefur handbeitning verið nýtt til að standa vörð um mjög verðmæt störf í landi í viðkomandi samfélögum.

Byggðaaðgerðir

Það sem allar þessar aðgerðir hafa átt sameiginlegt er að þær eru byggðaaðgerðir sem tryggja að hráefni sé unnið innan vinnusóknarsvæðis og skapi þannig störf í landi með tilheyrandi afleiddum störfum og þjónustu í fjölda þorpa á Vestfjörðum. Þessi störf skila öll útsvari til sveitarfélaganna auk afleiddrar þjónustu við útgerðirnar og fiskvinnslurnar.

Strandveiði

Að leyfa strandveiðar í 48 daga á ári er gott fyrir strandveiðisjómenn en skapar eingöngu störf frá maí-ágúst og tryggja ekki byggðafestu og heilsársstörf. Engin vinnsluskylda er á þeim afla sem mest allur er seldur á fiskmarkaði. Strandveiðar tryggja því ekki störf í landvinnslu í viðkomandi sveitarfélagi og hafa úttektir sýnt að sértæki byggðakvótinn skilar margfalt hærri tekjum til sveitarfélaganna á hvert kíló landaðs afla heldur en strandveiðin gerir.

Strandveiðikerfið skilar litlum útsvarstekjum til sveitarfélaganna því flestir útgerðaraðilar reikna sér almennt eins lág laun og lög leyfa og því lítið útsvar sem kemur til sveitarfélaganna en strandveiðibátarnir eru skráðir sem ehf fyrirtæki sem greiða sína skatta til ríkisins. Eftir sitja sveitarfélögin með allar innviðaskuldbindingarnar til að þjóna strandveiðiútgerðinni eingöngu með aflagjaldið til að standa undir kostnaði við höfnina.

Samantekt á stöðunni

Á Vestfjörðum hafa fyrirtækin leitað allra leiða til að halda úti heilsársfiskvinnslu og hafa þau farið ólíkar leiðir að markmiðinu. Hinsvegar er öllum ljóst að smæð fyrirtækjanna er mikil í samanburði við þau stærstu á landsvísu og minni fyrirtæki hafa verið að loka um land allt á síðastliðnum áratugum.

Að kippa stoðum undan starfandi fyrirtækjum til að skapa sumarstörf verður að teljast vanhugsað. Að skerða mikið eða leggja niður aðgerðir sem skila sveitarfélögunum öruggum tekjustofnum og leggja í stað þess áherslu á veiðar sem tryggja herra hlutfall skatttekna til ríkisins á kostnað sveitarfélaganna verður einnig að teljast vanhugsað. Að telja að það sé til bóta að úthluta afla í

tegundum sem sjaldnast veiðast á þau veiðarfæri sem bátar í sértæka byggðakvótanum nota og gefa aukin þorskígildi í verðminni tegundum sem þá þarf að veiða í meira magni er eins og að selja smjörlíki sem smjör.

Veiðigjöld

Í janúar þegar áhyggjurnar sneru að áhrifum af fjölgun daga vegna strandveiði hafði enginn hugmyndarflug til að sjá fyrir mikla hækkun veiðigjalda sem líka leggjast mjög þungt á minni útgerðir, þrátt fyrir að ætlunin hafi verið að koma með mótvægisáðgerðir fyrir lítil- og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki.

Veiðigjald er ein leið til að afla tekna en forsendurnar að miða við fiskmarkaðsverð eru sérkennilegar. Fiskmarkaðsverð er skortmarkaðsverð sem myndast að miklu leyti vegna lítills magns á markaði. Helstu kaupendur eru erlendir aðilar og stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi. Erlendir aðilar sækja stíft að kaupa heilan fisk á fiskmarkaðinum og flytja út til vinnslu í niðurgreiddum fiskiðnaði Evrópu. Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin sem eiga þegar mikinn kvóta geta með því að kaupa fisk af markaði verið með betra meðalverð sem þeirra framleiðsla getur staðið undir.

Smærri útgerðir og vinnslar geta ekki keppt á þessum verðum, hvað þá að það geti talist eðlilegir viðskiptahættir að greiða gjöld út frá þessum forsendum. Auk þess fá sjómenn greitt samkvæmt útreikingum Verðlagsstofu skiptaverðs sem er annar grunnstofni heldur það sem ríkið hefur valið sem sinn skattstofn.

Lokaorð

Þær fegrunaraðgerðir sem gerðar hafa verið til að láta ráðstöfun afla í 5,3% kerfinu fyrir næsta fiskveiðár líta vel út virka ekki sem skildi. Vert er að benda á að þar fyrir utan eru þær gefnar út þegar fjórðungur af fiskveiðiárinu er liðinn og fyrirtækin bíða með mikilli óvissu og engum fyrirsjáanleika.

Það er ámælisvert að stjórnvöld etji einkaaðilum út í byggðaaðgerðir með samningum sem svo öllum grundvelli er kippt undan af hálfu sömu stjórnvalda. Á einu ári að fella niður greiðslur vegna hráefnissskorts, setja veiðigjaldið á að fullu miðað við fiskmarkaðsverð, skera niður um helming skel- og rækjubætur og línuívilnun og setja ekki niðurskurð almenna byggðakvótans inn í sértæka byggðakvóttan sem þó hefur skilað flestum heilsársstörfum verður samanlegt að teljast mjög harkaleg aðgerð. Þá er rétt að nefna að óvissa hefur einnig ríkt á erlendum mörkuðum hvað varðar afurðaverð og tollamál. Þegar er komið til uppsagna hjá vestfirskum landvinnslum vegna samdráttar, aukinna útgjalda og óvissu um framtíðina.

Sértækar byggðaaðgerðir hafa á undanförunum árum gert smærri fiskvinnslum á Vestfjörðum kleift að aðlagja sig að aðstæðum og skapa heilsársstörf sem hefur verið til góða fyrir samfélögin. Sennilega er ekki ofsagt að eina raunverulega byggðaaðstoð stjórnvalda síðustu tvo áratugina hefur

verið byggðakvótinn sem hefur viðhaldið og skapað fjölda starfa í landi og á sjó og skapað sjálfbær samfélög á Vestfjörðum.

Nú hefur verið tekin ný stefna og eina form útgerðar sem eflist er sú sem tegund útgerðar sem skapar sumarstörf með mun lægri útsvarstekjum fyrir sveitarfélögin og mun minni umsvif í samfélögunum. Á kostnað aðgerða sem hafa það eina hlutverk að styrkja byggðir og halda uppi atvinnustigi, í sveitarfélögum sem þegar þurfa fleiri og styrkari stoðir til að byggja á.

Aflaheimildir í þorski hafa verið að dragast saman og hafa allar útgerðir stórar sem smáar reynt að aðlaga sig að því. Sjávarútvegur er grunnstoð í atvinnulífi á Íslandi. Styrkleikar greinarinnar eru öflugur sjávarútvegur á heimsmælikvarða sem skapar heilsársstörf hringinn í kringum landið og hefur verið hryggjarstykkið í sjávarþorpum sem svo önnur atvinnustarfsemi byggir á. Sjaldan hafa samanlögð áhrif af aðgerðum stjórnvalda haft eins alvarleg áhrif á eins stuttum tíma.

Guðrún Anna Finnbogadóttir

Viðaukar

2023/2024

5. gr. Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla 2023/2024

Nr. 849

14. ágúst 2023

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024.

I. KAFLI

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla.

Ráðstöfun afla tilgreindur í tonnum sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur		Byggðakvóti til fiskiskipa		Byggðakvóti Byggðastofnunar	Fristunda-veiðar	Strand-veiðar	Línu-ívilnun
	Tonn	Þorskigildis-tonn	Tonn	Þorskigildis-tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	1.260	1.058	3.300	2.772	3.886	200	10.000	1.100
2. Ýsa	450	351	1.300	1.016	1.291	0	0	700
3. Ufsi	400	225	1.300	732	827	0	1.000	0
4. Steinbitur	50	21	150	62	71	0	0	175
5. Gullkarfi	220	134	300	183	413	0	100	15
6. Keila	27	7	50	14	25	0	0	15
7. Langa	36	18	100	51	71	0	0	20
Samtals:	2.442	1.815	6.500	4.829	6.584	200	11.100	2.025

2024/2025

5. gr. Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla 2024-2025

Nr. 817

8. júlí 2024

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025.

I. KAFLI

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla.

Ráðstöfun afla tilgreindur í tonnum sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur		Byggðakvóti til fiskiskipa		Byggðakvóti Byggðastofnunar	Fristunda-veiðar	Strand-veiðar	Línu-ívilnun	Nýtiðun vegna grásleppu
	Tonn	Þorskígildis-tonn	Tonn	Þorskígildis-tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
1. Þorskur	1.082	909	2.500	2.100	3.419	200	10.000	800	0
2. Ýsa	386	209	1.500	811	1.220	0	0	800	0
3. Ufsi	341	193	1.050	594	1.078	0	1.000	0	0
4. Steinbitur	48	20	145	62	152	0	0	145	0
5. Gullkarfi	80	49	300	182	254	0	100	30	0
6. Keila	27	7	50	13	86	0	0	30	0
7. Langa	29	13	100	46	93	0	0	30	0
8. Grásleppa	0	0	0	0	0	0	0	0	65
Samtals:	1.994	1.400	5.645	3.807	6.302	200	11.100	1.835	65

2025/2026

5. gr. Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla 2025/2026

Nr. 1270

21. nóvember 2025

REGLUGERÐ

um ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla
samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla.

Ráðstöfun afla tilgreindur í tonnum sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er sem hér segir:

Tegund	Skel- og rækjubætur		Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar		Fristunda- veiðar	Línui- villun	Nýliðun vegna grásleppu
	Tonn	Þorskgildis- tonn	Tonn	Tonn	Þorskgildis- tonn	Tonn	Tonn	Tonn
Þorskur	517	435	1.070	3.365	2.827	75	400	0
Ýsa	199	118	2.500	1.292	770	0	800	0
Ufsi	153	78	1.300	993	509	0	0	0
Steinbitur	24	9	200	157	58	0	145	0
Gullkarfi	93	50	500	605	327	0	30	0
Keila	18	4	100	114	28	0	30	0
Langa	13	5	100	85	34	0	30	0
Grásleppa	0	0	0	0	0	0	0	35